

## FRÁSÖGN

af fundi Evrópuráðsþingsins í Strassborg 25.–29. júní 2018.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Rósa Björk Brynjólfsdóttir, formaður, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, varaformaður, og Birgir Þórarinsson, varamaður, auk Bylgju Árnadóttur alþjóðaritari. Á dagskrá voru m.a. málefni flóttamanna og viðbrögð Evrópulanda við flóttamannastrauminum, versnandi staða mannréttindafrömuða og frjálsra félagasamtaka í aðildarríkjum Evrópuráðsins og ofsóknir gegn hinsegin fólki í Tsjetsjeníu.

Á fyrsta degi þingsins var Liliane Maury Pasquier kjörin forseti þingsins. Þingið samþykkti að halda tvær sérstakar umræður sem felldar voru undir knýjandi málsmeðferð, annars vegar um úkraínska fanga í Rússlandi og á Krímshaga og hins vegar um alþjóðlegar skyldur aðildarríkja Evrópuráðsins að því er varðar björgun mannlífa á hafi úti.

Sérstök umræða um alþjóðlegar skyldur aðildarríkja Evrópuráðsins gagnvart björgun mannlífa á hafi úti var haldin samhliða umræðum um ályktanir þingsins, annars vegar um umfjöllun hælisumsókna og stofnun flóttamannabúða erlendis og hins vegar ályktun um áhrif flóttamannastefnu Evrópusambandsins á mannréttindi flóttafólks Dimitrios Vitsas, ráðherra innflytjendamála í Grikklandi, ávarpaði þingið og sagði nauðsynlegt að horfast í augu við að aukinn flóttamannastraumur til Evrópu væri ekki tímabundinn heldur kominn til að vera. Evrópulönd þyrftu að takast á við orsakir flóttamannastraumsins, t.d. í Sírlandi, og einnig deila ábyrgðinni sín á milli. Sergio Divina, þingmaður frá Ítalíu, sagði mikilvægt að greina á milli flóttamanna, sem hefðu rétt á vernd samkvæmt alþjóðalögum, og þeirra sem kæmu til Evrópu í leit að betra lífi en væru ekki á flóttu undan ofsóknum. Hann benti á að Ítalir hefðu, án aðstoðar frá öðrum Evrópulöndum, farið yfir umsóknir um stöðu flóttamanns frá 329 þúsund manns árin 2015–2017. Um 90% umsækjenda uppfylltu ekki nauðsynleg skilyrði til að teljast flóttamenn og væru sendir aftur til upprunalandanna sinna. Ítalir vildu nú koma á fót móttökumiðstöðvum fyrir flóttafólk í öðrum löndum, t.d. á Balkanskaga, til að flýta vinnslu umsókna. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir tók til máls í umræðunum fyrir hönd flokkahóps sósíalista, demókrata og græningja. Hún benti á að grunngildi Evrópuráðsins væru mannréttindi, lýðræði og réttarríkið og að öll aðildarríkin væru aðilar að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu flóttamanna. Þrátt fyrir það væru leiðtogar Evrópulanda í baktjaldamakki um varðhald flóttamanna í búðum utan landamæra Evrópu í stað þess að vinna gaumgæfilega úr umsóknum flóttafólks. Miðstöðvar um vinnslu flóttamannaumsókna utan landsvæðisins (e. *extraterritorial processing centres*) væru martraðarkennt fyrirkomulag sem hingað til hefði aðeins verið beitt af áströlskum yfirvöldum.

Í ályktun um valdeflingu kvenna í hagkerfinu brýnir þingið aðildarríki Evrópuráðsins til þess að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að vinna að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði, auka launagagnsæi svo að tryggja megi sömu laun fyrir sama starf, og til að hefja jafnlaunavottun. Einnig mælist þingið til þess að stuðlað verði að betra jafnvægi milli vinnu og einkalífs, t.d. með sveigjanlegum vinnutíma, foreldraorlofi og hagkvæmri dagvistun fyrir börn. Í skýrslu framsögumanns, Eleni Centemero, þingkonu frá Ítalíu, er sagt frá heimsókn hennar til Íslands þar sem hún fræddist m.a. um jafnlaunavottun og kynjakvóta á fundum með ráðherrum utanríkismála og jafnréttismála, Jafnréttisstofu, Kvenréttindafélagi Íslands og Félagi kvenna í atvinnulífinu. Rósa Björk Brynjólfsdóttir tók til máls fyrir hönd flokkahóps síns og lýsti ánægju sinni með ályktunina. Hún sagði Ísland hafa tekið upp jafnlaunavottun til þess að vinna gegn launamun kynjanna. Kynjakvóti í stjórnnum fyrirtækja og stofnana hefði verið tekinn upp árið 2006 að fordæmi Norðmanna en sú nýjung hefði krafist baráttu, bæði í Noregi og á Íslandi. Rósa Björk sagði valdeflingu kvenna í efnahagslífinu vera baráttu fyrir grundvallarmannréttindum, óháð kynferði, kynþætti, trú eða kynhneigð. Petra De Sutter, þingkona frá Belgíu, sagði kynjakvóta mikilvæga til að breyta menningu og hefðum, en það væri helst menningin sem stæði í vegi fyrir

framgangi kvenna á vinnumarkaði. Aukin þátttaka kvenna á vinnumarkaði skilaði auknum hagvexti og bættum lífskjörum fyrir alla. Roland Rino Büchel, þingmaður frá Sviss, sagði kynjakvóta í fyrirtækjum og stofnunum varhugaverða. Það sem skipti mestu máli væri að hæfasta manneskjan væri ráðin til starfa. Hann sagði enga kerfisbundna mismunun gegn konum eiga sér stað í Evrópulöndum og benti á að þær konur sem fengju stöður vegna kvóta, og ekki síður þeir sem ynnu undir þeim, myndu stöðugt velta því fyrir sér hvort konan hefði fengið stöðuna kyns síns vegna eða vegna hæfni sinnar. Hann sagðist ekki óska þess að búa í heimi þar sem möguleikar fólks á frama eða framgangi færu eftir því hvers kyns það væri. Stefan Schennach, þingmaður frá Austurríki, svaraði þingmanninum og sagðist velta því fyrir sér hvort karlar spyrðu sig aldrei hvort þeir væru komnir þangað sem þeir væru komnir vegna kyns síns.

Í ályktun um þvinguð hjónabönd í Evrópu biður þingið aðildarríki Evrópuráðsins um að auðvelda aðlögun innflytjenda, verja fórnarlömb þvingaðra hjónabanda og sækja þá til saka sem standa að baki þeim. Þingið ítrekar að þvinguð hjónabönd feli í sér víðtækt ofbeldi gegn konum og stúlkum og brjóti gegn grundvallarréttindum fórnarlambins, þar á meðal réttinum til líkamlegs öryggis, líkamlegrar og andlegrar heilsu, kyn- og æxlunarheilbrigðis, menntunar, einkalífs, frelsis og sjálfstæðis. Samkvæmt ályktuninni eru 39.000 stúlkur á barnsaldri þvingaðar í hjónaband á degi hverjum. Í umræðum tók Birgir Þórarinsson til máls og benti á að þrátt fyrir að barnahjónabönd væru algengari í múslimalöndum væru þvinguð hjónabönd ekki bundin við nein sérstök trúarbrögð heldur væru þau harmleikur sem tengdist fátækt og hefðum. Hins vegar væri ótækt að réttlæta þvinguð hjónabönd með vísun í hefðir eða menningu þar sem þau væru andstæð grundvallargildum um mannréttindi. Birgir sagði baráttuna gegn þvinguðum hjónaböndum verða að fara fram á mörgum vígstöðvum, þar á meðal með vitundarvakningu, aðstoð við fórnarlömb, þjálfun viðbragðsaðila og í menntakerfinu. Einnig væri mikilvægt að fá trúarleiddtoga til að taka þátt í baráttunni þar sem þeir gætu sýnt fordæmi um breytta hegðun og viðhorf og talað fyrir því að manngildi stúlkna og kvenna fælist í fleiru en hjónabandi og móðurhlutverkinu.

Þingið samþykkti einnig ályktanir og tilmæli um ofsóknir gegn hinsegin fólki í Tsjetsjeníu, verndun mannréttindafrömuða í aðildarríkjum Evrópuráðsins, auknar hömlur á starfsemi frjálsra félagasamtaka, viljandi eyðileggingu og sölu á menningarverðmætum og jafnvægi milli hagsmuna barna og nauðsynjar þess að halda fjölskyldum saman í barnaverndarmálum.

Samhliða þinginu fundaði sérnefnd um störf þingsins (e. *ad hoc committee on the role and mission of PACE*) í síðasta sinn og skilaði skýrslu sinni til framkvæmdastjórnar Evrópuráðsþingsins. Einnig var haldinn fundur í sameiginlegri nefnd ráðherraráðsins og þingsins þar sem fulltrúar í nefndinni skiptust á upplýsingum um ferlið og viðruðu skoðanir sínar á núverandi reglum Evrópuráðsþingsins um sviptingu atkvæðisréttar sendinefnda aðildarríkja. Á lokadegi þingsins samþykkti framkvæmdastjórnin að vísa tillögum um umbætur á reglum þingsins til þingskapanefndar til umfjöllunar og skýrslugerðar fyrir októberfund þingsins.

Þingskapanefnd hélt áfram fundum sínum um niðurstöður skýrslu óháðrar rannsóknarnefndar um spillingarmál innan Evrópuráðsþingsins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að 14 fyrrverandi meðlimir Evrópuráðsþingsins hefðu gerst brotlegir við siðareglur þingsins og ákveðið var að banna þeim aðgang að byggingum Evrópuráðsins og -þingsins til frambúðar. Nefndin hefur í kjölfar skýrslunnar einnig svipt sjö núverandi meðlimi þingsins ýmsum réttindum.

Marija Pejčinović Burić, utanríkisráðherra Króatíu, flutti skýrslu ráðherranefndar Evrópuráðsins, en þingið ávörpuðu einnig Andrej Plenković, forsætisráðherra Króatíu, Peter Pellegrini, forsætisráðherra Slóvakíu, og Jean Asselborn, utanríkisráðherra Lúxemborgar. Þá var Gilberto Felici kjörinn dómari við Mannréttindadómstól Evrópu fyrir San Marínó.

Á fyrsta fundi laga- og mannréttindanefndar samhliða þinginu var Þórhildur Sunna Ævarsdóttir kjörin formaður nefndarinnar til ársloka 2019. Samhliða þinginu hélt Íslandsdeild fundi utan dagskrár með landahópi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna og með fulltrúum *Open Dialog Foundation* um stöðu mannréttinda og réttarríkis í Kasakstan og Póllandi. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og á vefsvæðinu [www.assembly.coe.int](http://www.assembly.coe.int).